

STJÓRN SORPU BS.

Ár 2016, 25. nóvember var haldinn 368. fundur stjórnar SORPU bs. Fundurinn hófst kl. 13.00 á skrifstofu byggðasamlagsins. Viðstödd voru Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Þóðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram og kynnt 9 mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör SORPU bs. Einng fer fram kynning á samanburð rekstrar og áætlunar fyrir sama tímabil. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um rúmlega 229 milljón að teknu tilliti til fjármagnsliða. Rekstrarniðurstaða endurvinnslustöðvanna er hins vegar gjöld umfram tekjur upp á rétt tæpar 150 milljónir og stefnir því í að halli á rekstri endurvinnslustöðvanna verði um 200 milljónir.
2. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar þar sem fram koma nýjar forsendur verðlagsþróunar ársins 2016 og 2017, byggða á nýjum spám Hagstofu Íslands. Einnig eru lögð fram minnisblöð framkvæmdastjóra og rekstrarstóra endurvinnslustöðva, dagsett 24. nóvember 2016, er varðar forsendubreytingar.
3. Fram fer kynning á stöðu í tilraunaverkefni Seltjarnarnesbæjar og SORPU bs. að loknum 6 mánuðum. Lagt fram minnisblað er varðar Tilraunaverkefni um plastsöfnun á Seltjarnarnesi – áfangaskýrsla, dagsett í nóvember 2016.
4. Lögð fram gjaldskrá fyrir móttöku á plasti og plastumbúðum og minnisblað um gjaldskrárflokka fyrir plast sem taka á gildi 1. janúar 2017, þar sem Gjaldflokkur 14012 Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti verði aflagður. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra.

Númer	Texti	Ber úrvinnslugjald?	Gjaldskrá án vsk
14027	Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti og plast sem ekki ber úrvinnslugjald	0 – 500 kg á mánuði	-15,00
	Umbúðir sem bera úrvinnslugjald að lágmarki 80% t.d. úr grenndargámum eða sérsöfnun plastumbúða	501 – 1.000 kg á mánuði	Að hluta -20,00
		1.001 kg á mánuði og meira	-25,00
14028	Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti og plast sem ekki ber úrvinnslugjald		Að hluta 6,00
	Umbúðir sem bera úrvinnslugjald að lágmarki 20%		
14013	Plast sem ekki ber úrvinnslugjald	Nei	24,35
	T.d. húsgögn, leikföng, rór, einangrun osfrv.		

5. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Gámapjónustunnar vegna áhrifa plastsöfnunar Kópavogsbæjar á söfnun plasts í grenndargámakerfi SORPU. Guðmundur Geirdal vísar af fundi undir þessum lið. Stjórn lýsir áhyggjum af áhrifum málsins á önnur sveitarfélög en Kópavog og áhrif á rekstur SORPU bs. og óskar eftir að eigendafundur taki afstöðu til málsins samanber bókun stjórnar á stjórnarfundi 14. október 2016.

Bjarni Álfþórsson vísar af fundi.

6. Fram fer kynning á stöðu viðræðna við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. og vinna við verðmat.

Frestað.

7. Lagt fram erindi Sorpstöðvar suðurlands bs. um framlengingu á samningi aðila um móttöku á úrgangi. Frestað til næsta fundar.
8. Fram fer kynning á niðurstöðu kærunefndar útboðsmála í máli BTA/Biotec gegn SORPU vegna niðurstöðu útboðs tæknilausnar gas- og jarðgerðarstöðvar Niðurstaða kærunefndar er að hafna kröfum kæranda.
9. Tilkynnt að að formleg undirritun samninga við Aikan A/S fari fram fimmtudaginn 8. desember kl. 14:00 og fer athöfnin fram að Korpúlfsstöðum. Öllum bæjarstjórum og borgarstjóra hefur verið boðið að taka þátt.
10. Fram fer umræða um fund samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi Frestað.
11. Tilkynnt að metanframleiðsla SORPU hafi á haustráðstefnu norræna svansins fengið vottun svansins. Metan er eina eldsneytið sem fæst á Íslandi sem er svansvottað.
12. Ákveðið að næsti fundur stjórnar SORPU verður föstudaginn 16. desember kl. 12:00

Fundi slitið klukkan 15.15

Bjarni Torfi Álfþórsson

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal

Rósa Guðbjartsdóttir

Sigríður Björg Einarisdóttir

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir

Sturla Þorsteinsson

Bjarni Hjarðar